

Kornelia Lapka

MS verkefni: Samsetning með virku lyfi og kítósanaflleiðum sem gegndræpnisaukandi efni fyrir lyfjagjöf um húð.

Höfundur: Kornelia Lapka fæddist í Póllandi árið 2000 og flutti til Íslands árið 2007. Kornelia útskrifaðist úr Menntaskólanum í Reykjavík af náttúrufræðibraut árið 2019. Hún hefur alltaf haft mikinn áhuga á lífvísindum, þá sérstaklega heilbrigðisvísindum. Strax að loknu stúdentsprófi hóf hún nám í Sameinda- og lífefnafræði við Háskóla Íslands og útskrifaðist með B.Sc gráðu árið 2021. Samhliða náminu starfaði hún á Sýkla- og veirufræðideild Landspítalans og einnig sem túlkur á Landspítalanum. Eftir að hafa lokið B.Sc gráðu starfaði hún í sem örverufræðingur í gæðaeftirliti hjá Alvotech og sömuleiðis samhliða M.S náminu.



Stuttur útdráttur úr ritgerð: Lyfjagjöf um húð er bæði hentug og notvæn aðferð til lyfjagjafar, dæmi um það eru nikótín plástrar. Ysta lag húðar er helsti takmarkandi þáttur þessarar aðferðar þar sem það kemur í veg fyrir lyfin komast alla leið í gegnum húðina og stuðla að lækningalegum tilgangi. Til að yfirstíga þá hindrun er hægt að notast við gengdræpnisaukandi efni, dæmi um slík efni eru mentól eða kítósan afleiður. Þau efni geta tímabundið truflað starfsemi ysta lags húðarinnar og leitt til þess að meira magn lyfs kemst í gegnum húðina. Markmið rannsóknarinnar var að útbúa samsetningu með kítósan afleiðum og athuga hvort afleiðurnar auka gegndræpi húðar og stuðla að aukinni lyfjalosun gengum húð. Tilraunir með notkun fransflæðis sella og tölfraðilegar athuganir bendu til þess að kítósan afleiður hafa tilhneigingu til að þess.